



Nefndasvið Alþingis  
Fjárlaganefnd

Stykkishólmi, 2. nóvember 2022

**Efni: Umsögn sameinaðs sveitarfélags Stykkishólmsbæjar og Helgafellssveitar við frumvarp til fjárlaga, 1. mál.**

Málefni Breiðafjarðarferjunnar Baldurs voru til umræðu á 5. fundi bæjarstjórnar Stykkishólmsbæjar og Helgafellssveitar 27. október 2022.

Bæjarstjórn fagnar því að Vegagerðin hefur formlega auglýst eftir nýrri ferju sem nota eigi til siglinga yfir Breiðafjörð á meðan að unnið er að hönnun og smíði nýrrar ferju. Vegna áskilnaðar í útboði Vegagerðarinnar um leigu á skipi með kauprétti áréttar bæjarstjórn mikilvægi þess að ríkið kaupi ferju á meðan unnið er að smíði nýrrar ferju þannig að tryggja megi fyrirsjáanleika í ferjusiglingum. Þá fangar bæjarstjórn að ákalli bæjarstjórnar um bættan viðbúnað til tryggja betur öryggi sjófarenda hafi verið mætt með því að staðsetja dráttarbátinn Gretti sterka í Stykkishólmi.

Bæjarstjórn leggur þunga áherslu á að gert verði ráð fyrir kaupum á nýrri ferju í fjárlögum fyrir árið 2023 og að fjármálaáætlanir ríkisstjórnarinnar og fimm ára samgönguáætlun endurspegli þá framtíðarlausn í ferjusiglingum um Breiðafjörð að ríkið hanni og smíði nýja ferju sem hönnuð verður með tilliti til orkuskipta framtíðarinnar og nýst gæti sem varaskip fyrir Herjólf. Án samþykktara áforma og heimilda í áætlunum ríkisins, þ.m.t. viðeigandi fjárheimilda, er Vegagerðinni ekki tryggður sá rammi og sú stefnumörkun sem er nauðsynleg er til þess að stofnunin geti fest kaup á nýrri ferju á næsta ári og hafið undirbúning að hönnun og smíði nýrrar ferju ásamt nauðsynlegum breytingar á hafnarmannvirkjum.

Bæjarstjórn skorar á innviðaráðherra og Alþingi að tryggja viðeigandi fjárheimildir í fjárlögum 2023 til leigu og kaups á nýju skipi og að innviðaráðherra og Alþingi tryggi að framtíðarlausn í ferjusiglingum með smíði nýrrar ferju endurspeglit í fjármálaáætlunum ríkisstjórnarinnar og fimm ára samgönguáætlun.

Að öðru leyti er vísað til fyrir ályktana og bókana vegna málsins.

Virðingarfyllst,

Jakob Björgvín Sigríðarson Jakobsson,  
bæjarstjóri





Innviðaráðuneytið  
b.t. Sigurður Ingi Jóhannsson, innviðaráðherra  
Sölvhólgötu 7  
101 Reykjavík

Stykkishólmi, 29. ágúst 2022  
nr. erindis 2011013

Á 3. fundi bæjarstjórnar Stykkishólmsbæjar og Helgafellssveitar þann 25. ágúst 2022 var tekið fyrir neðangreint erindi:

### **Breiðafjarðarferjan Baldur**

Lagðar fram fyrri ályktanir vegna Breiðafjarðarferjunnar Baldurs.

Á öðrum fundi bæjarráðs Stykkishólmsbæjar og Helgafellssveitar lagði bæjarráð þunga áherslu á að annað skip hefji siglingar yfir Breiðafjörð fyrir næsta vetur, en að öðrum kosti að tryggður verði viðeigandi viðbúnaður í Stykkishólmi til þess að tryggja megi betur öryggi sjófarenda, t.d. dráttarbat staðsettan í Stykkishólmi. Þá lagði bæjarráð þunga áherslu á að tryggja þyrfti viðeigandi fjárheimildir í fjármálaáætlun 2022-2026 líkt og bent var á í fyrri ályktun sveitafélagsins og að fyrirliggjandi áætlanir endurspeglast í fimm ára samgönguáætlun. Bæjarráð vísaði að öðru leyti til fyrri bókunar bæjarráðs og bæjarstjórnar sameiginlegs sveitarfélags Stykkishólmsbæjar og Helgafellssveitar vegna málsins í júní.

Bæjarráð óskaði jafnframt eftir skriflegum upplýsingum frá Vegagerðinni og Innviðaráðuneytinu um framgang málsins síðastliðna 12 mánuði, hver staða málsins væri nú, þ.m.t. með tilliti til viðeigandi fjárheimilda, og hver sé stefnan til lengri og skemmri tíma hvað varðar ferjusiglingar um Breiðafjörð.

Á 1. fundi atvinnu- og nýsköpunarnefndar vakti nefndin athygli á að eigi gamli Herjólfur að hefja ferjusiglingar um Breiðafjörð haustið 2023 þarf að breyta og breikka ferjuaðstöðuna í Stykkishólmi og Brjánslæk. Sú framkvæmd mun taka einhverja mánuði og líkur eru á að engar ferjusiglingar verði á milli þessara staða sumarið 2023. Stór hluti ferðapjónustufyrirtækja í Stykkishólmi er háður ferjusiglingum yfir sumarmánuðina. Nauðsynlegt sé að huga að því strax hvernig eigi að mæta tímabundinni stöðvun ferjusiglinga næsta sumar.

Atvinnu- og nýsköpunarnefnd hvatti jafnframt bæjarstjórn sameiginlegs sveitarfélags Stykkishólmsbæjar og Helgafellssveitar til að beita auknum þrýstingi á stjórnvöld að útvega nú þegar trausta ferju sem afkastar eigi minna en núverandi ferja jafnframt því að stjórnvöld hefji nú þegar undirbúning að framtíðarlausn ferjusiglinga yfir Breiðafjörð. Með tilliti til vaxandi sjóflutninga til og frá Vestfjörðum er mikil þörf á tíðari siglingum ferjunnar yfir vetrarmánuðina




**Afgreiðsla bæjarstjórnar:**

*Bæjarstjórn tekur undir með atvinnu- og nýsköpunarnefnd og staðfestir afgreiðslu bæjarráðs.*

Í ljósi framangreinds og áðursents erindis er minnt á að sveitarfélagið bíður enn upplýsinga frá innviðaráðuneytinu um framgang málsins síðastliðna 12 mánuði, hver staða málsins er nú, þ.m.t. með tilliti til viðeigandi fjárheimilda, og hver sé stefnan til lengri og skemmri tíma hvað varðar ferjusiglingar um Breiðaffjörð.

Þetta tilkynnist hér með.

Virðingarfyllst,



Jakob Björgvin Sigrðarson Jakobsson,  
bæjarstjóri.



Haustþing SSV, haldið í Stykkishólmi 21.-22. september 2022, leggur fram eftirfarandi ályktanir um samgöngumál og innviði:

## Almenningssamgöngur

- Haustþing SSV leggur þunga áherslu á að tryggja þurfi að nýtt skip hefji siglingar um Breiðafjörð sem uppfyllir nútíma öryggiskröfur eins fljótt og verða má á meðan að unnið er að hönnun og smíði nýrrar ferju sem hönnuð verður með tilliti til orkuskipta framtíðarinnar.

Breiðafjarðarferjan Baldur er í lykilhlutverki varðandi samgöngur við Breiðafjörðinn. Það er ljóst að framtíð ferjusiglinga er mikilvæg fyrir atvinnulíf og samgöngur á milli Vestfjarða og Vesturlands. Haustþing SSV lýsir þungum áhyggjum yfir þeirri grafalvarlegu stöðu sem hefur verið uppi varðandi öryggismál Breiðafjarðarferjunnar Baldurs. Annars vegar er þörf á lausn til skamms tíma, þ.e. bráða lausn, og hins vegar framtíðarlausn, þ.e. að endurskoða þarfir og forsendur ferjusiglinga til framtíðar.

Haustþing SSV skorar á ríkisvaldið að tryggja bráða lausn með fjárfestingu í nýrri og öflugri ferju sem uppfylli allar nútíma öryggiskröfur og að það hefji siglingar um Breiðafjörð eins fljótt og verða má.

Haustþing SSV leggur áherslu á að framtíðarlausn í ferjusiglingum um Breiðafjörð sé að ríkið hanni og smíði nýja ferju sem hönnuð verður með tilliti til orkuskipta framtíðarinnar og nýst gæti sem varaskip fyrir Herjólf. Haustþing SSV leggur áherslu á að tryggja þurfi viðeigandi fjárheimildir í fjármálaáætlun, bæði til bráðabirgðaaðgerða og til smíði nýs skips, og að fyrirliggjandi áætlanir endurspeglar í fimm ára samgönguáætlun.

Núverandi samningur ríkisins um rekstur ferjunnar er í gildi fram til vors 2023. Því er brýnt að stjórnvöld nýti tækifærið nú þegar og skipuleggi ferjusiglingar um Breiðafjörð m.t.t. breyttra aðstæðna í atvinnulífinu, öryggis og stefnu stjórnvalda í orkuskiptum.



**Stykkishólmsbær**  
**Jakob Björgvin S. Jakobsson, bæjarstjóri**  
Hafnargötu 3  
340 Stykkishólmi

### Staða mála varðandi Breiðafjarðarferjuna Baldur

Yðar tilvísun: Vísað er til ályktunar og óskar um upplýsingar sem bárust í tölvupósti 12.9.2022 frá innviðaráðuneytinu

### Upplýsingar um stöðu varðandi þjónustu um ferjusiglingar yfir Breiðafjörð, vegna óskar bæjarráðs um skriflegar upplýsingar frá Vegagerðinni um framgang mála vegna ferjusiglinga yfir Breiðafjörð.

Í gildi er samningur við Sæferðir um ferjusiglingar yfir Breiðafjörð, milli Stykkishólms og Brjánslækjar með viðkomu í Flatey, ef þarf. Umfang og tíðni þjónustu er það sama og verið hefur síðustu ár. Samningurinn gildir til vors 2023. Skv. samningi skulu Sæferðir útvega skip til siglinganna samkvæmt samningi. Sæferðir hafa eingöngu yfir að ráða ms Baldri sem þeir hafa notað til þjónustunnar síðustu ár.

Vegna endurtekinna bilana er unnið að því að auka öryggi á Breiðafirði. Vegagerðin hefur unnið að því að dráttabátur verið staðsettur í Stykkishólmi til að auka öryggisviðbúnað. Unnið er að gerð Viðbragðsáætlunar f. sjóslys á farþegaskipi á Breiðafirði en almannavarnadeild Ríkislögreglustjóra og Ríkislögreglustjóri leiða það mál áfram.

Unnið er að gerð útboðsgagna vegna nýs þjónustuútboðs fyrir ferjusiglingar á Breiðafirði. Mun það fara í gang í vetur með gildistöku haustið 2023.

Einnig er unnið að gerð útboðsgagna vegna leigu og eða kaups á nýrri ferju til að sinna umræddri þjónustu á Breiðafirði. Það útboð mun fara fljótlega í gang og unnið úr því eins hratt og hægt er. Vonast er til að fáist Ferja sem fyrst til að sinna þjónustunni.

Í drögum að fjárlögum fyrir árið 2023 er veitt heimild til þess að skoða kaup eða leigu á skipi vegna þessa. Ekki eru í fjármálaáætlun 2022-2026 auknar fjárheimildir til leigu, kaupa eða smíði nýrrar ferju fyrir siglingu yfir Breiðafjörð.

Beðist er velvirðingar á því hve langan tíma hefur tekið að svara þessari ósk.

Virðingarfyllst  
f.h. Vegagerðarinnar  
Bergþóra Kristinsdóttir  
frankvæmdastjóri þjónustusviðs

Undirskrift



# Breiðafjarðarferja fáist með þurrleigu

## ● Vegagerðin hefur auglýst eftir skipi á EES-svæðinu

Vegagerðin hefur auglýst á EES-svæðinu eftir ferju til siglinga yfir Breiðafjörð, milli Stykkishólms og Brjánslækjar á Barðaströnd. Óskað er eftir skipi í fimm mánuði, án áhafnar með þurrleigu, með möguleika á að kaupa skipið ef mál þróast svo. Sá áskilnaður er gerður í auglýsingunni að skipið sé smíðað ekki síðar en 1990, sé með tveimur vélum og skrúfum og stýrum og sé 50-70 metrar á lengd. Það þarf að taka minnst 200 farþega og krafa er gerð um að á þilfari geti verið í það minnsta fimm flutningabílar. Frestur til að skila inn tilboðum er til 25. nóvember nk. Horft er til þess að ný leiguferja fari í siglingar á Breiðafirði snemma á næsta ári.

### Þörfin er mikil og brýn

Þörfin á nýrri Breiðafjarðarferju þykir mikil og brýn. Núverandi skip, Baldur, hefur á síðustu misserum bílað nokkrum sinnum í siglingum yfir fjörðinn, með þeim afleiðingum að veruleg hættu þótti skapast. Þá hafa verið gerðar alvarlegar athugasemdir við öryggisbúnað skipsins. Vegna



Morgunblaðið/Sigurður Hugi

**Ferja** Núverandi Baldur hér við bryggju í Súgandisey í Hólminum.

þess er dráttarbáturinn Grettir sterki nú staðsettur í Stykkishólmi og verður fyrsta viðbragð ef Baldur höktir eða eitthvað óvænt hendir.

Sveitarstjórnir á Snæfellsnesi og á sunnanverðum Vestfjörðum, sem og fulltrúar fyrirtækja, hafa því kallað stúft eftir nýrri ferju. Hagsmunir ferðaþjónustu og fiskeldis hafa þar mikið að segja.

„Framboð á skipum sem hentað gætu í þetta verkefni er ekki mikið. Einnig þarf að hafa í huga að hafnararmannvirkin í Stykkishólmi og Brjánslæk henta fáum ferjum. Flestar slíkar eru smíðaðar miðað við siglingar á innfjörðum en ekki opnu hafi eins og yfir Breiðafjörð. Helst horfum við til þess að skip fái frá Norgegi,“ segir G. Pétur Matthíasson upplýsingafulltrúi Vegagerðar við Morgunblaðið. [sbs@mbl.is](mailto:sbs@mbl.is)



Samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra  
Sigurður Ingi Jóhannsson  
Sölvhólgötu 7  
101 Reykjavík

Stykkishólmi, 3. júlí 2022  
nr. erindis 2011013

Á 2. fundi bæjarstjórnar sameinaðs sveitarfélags Stykkishólmsbæjar og Helgafellssveitar, 30. júní 2022, var tekið fyrir neðangreint erindi:

### **Breiðafjarðarferjan Baldur**

Fyrir bæjarstjórn er lögð fram eftirfarandi ályktun Stykkishólmsbæjar og Helgafellssveitar vegna Breiðafjarðarferjunnar Baldurs, dags. 23. júní 2022, sem samþykkt var á 1. fundi bæjarráðs og lagt til að bæjarstjórn taki undir ályktunina.

### **Bókun bæjarráðs:**

*Bæjarráð lýsti, á 1. fundi sínum, þungum áhyggjum á þeirri stöðu sem Sameiginlegt sveitarfélag Stykkishólmsbæjar og Helgafellssveitar lýsir yfir þungum áhyggjum yfir þeirri grafalvarlegu stöðu sem hefur verið uppi varðandi öryggismál Breiðafjarðarferjunnar Baldurs, en Stykkishólmsbær hafði ítrekað bent á að bregðast þurfi við þar sem núverandi ferja uppfylli ekki viðeigandi öryggiskröfur.*

*Minnir sveitarfélagið á að 15 mánuðir eru síðan að litlu mátti muna að illa færi þegar núverandi ferja varð vélarvana á miðjum firðinum 11. mars 2021 þar sem tók rúman sólarhring að draga ferjuna í land í Stykkishólmi við slæm skilyrði. Í millitiðinni hefur Breiðafjarðarferjan Baldur tvisvar til viðbótar bilað og/eða orðið vélarvana á Breiðafirði, nú síðast 18. júní sl. Mikil mildi að ekki skildi fara verr í öll þau skipti sem þessar tíðu bilanir hafa átt sér stað.*

*Stykkishólmur og Helgafellssveit áréttar að núverandi ferja hefur einungis eina vél, en við Breiðafjörð hafa allar ferjurnar sem hafa þjónustað svæðið frá 1955 haft tvær vélar utan núverandi ferju. Það liggur í augum uppi að ítrekaðar bilanir á því sérstaka svæði sem Breiðafjörðurinn er með skerjum, boðum og eyjum ásamt sterkum straumum og úthafsöldu sýni svo ekki sé um villst að tvær vélar eru nauðsynlegar fyrir ferju á þessari siglingarleið.*

*Innviðaráðherra og samgönguyfirvöld bera ábyrgð á að öruggar samgöngur séu um Breiðafjörð. Langur tími er liðinn frá því að því að núverandi ferja varð vélavana við hættulegar aðstæður og enn er beðið eftir að gerðar verði viðeigandi ráðstafanir. Ákvörðun um nauðsynlegar breytingar á hafnarmannvirkjum í Stykkishólmi, Flatey og Brjánslæk og fjármögnun þeirra hefði t.a.m. þurft að liggja fyrir á vordögum 2021*



þannig að framkvæmdir gætu hafist á fyrri hluta þessa árs. Með því hefði verið hægt að tryggja að skip sem uppfyllir nútíma öryggiskröfur og þjónar betur hagsmunum samfélagsins væri farin að sinna ferjusiglingum um Breiðafjörð.

**Stykkishólmur og Helgafellssveit leggur þunga áherslu á að engir hagsmunir gleymist þegar verið er að ræða um lausnir í ferjumálum, því allir eiga þeir að veða jafn mikið, hvort sem um er að ræða fiskeldi á Vestfjörðum, ferðaþjónustu eða íbúa í Flatey. Ferja um Breiðafjörð þarf að geta þjónustað allt samfélagið í kringum fjörðinn og því er málið í eðli sínu afar mikilvægt byggðamál, ekki síst fyrir þær fjölskyldur sem búa í Flatey og þurfa öruggar samgöngur og tryggan flutning á vatni, olíu og öðrum nauðsynjum sem og aðra sem dvelja í eyjunni til skemmri eða lengri tíma.**

Alþingi og ríkisstjórn, sér í lagi innviðaráðherra, þarf að mati sveitarfélagsins því tafarlaust að sýna fyrirhyggju og festu í þessu máli. Tryggja þarf að Vegagerðin hafi skýra stefnumörkun til þess að vinna eftir og fjármuni til þess bregðast við þannig að tryggja megi öruggar ferjusiglingar um Breiðafjörð næsta haust ef þess er nokkur kostur. Sveitarfélagið leggur áherslu á mikilvægi þess að leita allra leiða við finna hentugt skip sem myndi geta hafið siglingar með minniháttar breytingum á hafnarmannvirkjum, á meðan verið er að undirbúa þær breytingar sem hugsaðar eru á hafnarmannvirkjum til framtíðar.

Stykkishólmur og Helgafellssveit leggur þunga áherslu á að ef önnur ferja getur ekki hafið siglingar næsta vetur þá þarf viðeigandi viðbúnað í Stykkishólmi til þess að tryggja megi betur öryggi sjófarenda, t.d. dráttarbat staðsettan í Stykkishólmi og efla sjóbjörgunargetu. Er slíkur viðbúnaður jafnframt nauðsynlegur svo hægt verði að byggja aftur upp nauðsynlegt traust á siglingum með núverandi ferju.

Stykkishólmur og Helgafellssveit fagnar þeirri skýru framtíðarsýn ríkisstjórnar Katrínar Jakobsdóttur, sem innviðaráðherra hefur talað fyrir, um að framtíðarlausn í ferjusiglingum um Breiðafjörð sé að ríkið hanni og smíði nýja ferju sem hönnuð verður með tilliti til orkuskipta framtíðarinnar. Sveitarfélagið leggur hins vegar áherslu á mikilvægi þess að hraða þeirri vinnu eins og hægt er og nægjanlegt fjármagn verði tryggt í samgönguáætlun þannig að hægt verði að hefja ferjusiglingar á Breiðafirði með þeirri ferju eins fljótt og verða má.

#### **Bókun 2. fundar bæjarstjórnar:**

Bæjarstjórn tekur undir ályktun bæjarráðs og leggur áherslu á að tryggja þurfi viðeigandi fjárheimildir í fjármálaáætlun 2022-2026, bæði til bráðabirgðaaáðgerða og til smíði nýs skips, og að fyrirbyggjandi áætlanir endurspeglar í fimm ára samgönguáætlun.





**Þetta tilkynnist hér með.**

Virðingarfyllt,

  
Jakob Björgvin Sighvatsen-Jakobsson,  
bæjarstjóri





Skrifstofa Alþingis  
Kirkjustræti 12  
101 Reykjavík

Stykkishólmi, 25. febrúar 2022  
nr. erindis 2011013

Á 408. fundi bæjarstjórnar Stykkishólmsbæjar 24. febrúar 2022 var tekið fyrir neðangreint erindi:

**Breiðafjarðarferjan Baldur**

Lagt fram erindi frá nefndarviði Alþingis þar sem umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis óskar eftir umsögn Stykkishólmsbæjar um tillögu til þingsályktunar um kaup á nýrri Breiðafjarðarferju, 46. mál.

**Afgreiðsla bæjarstjórnar:**


*Bæjarstjórn Stykkishólmsbæjar tekur undir þingsályktunina en leggur áherslu á umhverfisvæna kosti sem bráðabirgðalausn og til lengri tíma.*

*Bæjarstjórn Stykkishólmsbæjar vekur athygli á ályktunum Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi, hvort sem er stjórnar samtakanna og nú síðast á haustþingi samtakanna 29. september 2021 þar sem kom m.a. fram að nauðsynlegt sé að ríkið fjárfesti í nýrri og öflugri ferju sem uppfylli allar nútíma öryggiskröfur og hefji siglingar eins fljótt og verð má, enda sýndi það sig síðastliðinn vetur að litlu mátti muna að illa færi þegar núverandi ferja varð vélavana á miðjum firðinum.*

*Að öðru leyti vísar bæjarstjórn til fyrri afgreiðslna og ályktana Stykkishólmsbæjar vegna málsins sem skoðast einnig sem hluti af umsögn Stykkishólmsbæjar um þingsályktunartillöguna og felur bæjarstjóra að ganga frá umsögn og senda til umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis.*

**Þetta tilkynnist hér með.**

Virðingarfyllt,

  
Jakob Björgvin Jakobsson  
bæjarstjóri.





SAMGÖNGU- OG  
SVEITARSTJÓRNARRÁÐUNEYTIÐ

Sölvhólsgrötu 7 101 Reykjavík  
sími: 545 8200 postur@srn.is srn.is

Stykkishólmsbær  
b.t. Jakobs Björgvins Jakobssonar  
Hafnargötu 3  
340 Stykkishólmur

Reykjavík 21. janúar 2022  
Tilv.: SRN21120130/3.0

Vísað er til bréfs bæjarstjóra frá 14. desember sl. varðandi siglingar á Breiðafirði.

Vegagerðin hefur sem kunnugt er skoðað möguleika á því að önnur skip en Baldur leggi að bryggjum á Brjánslæk og í Stykkishólmi. Niðurstaðan var ótvíræð sú að nauðsynlegt er að fara í endurbætur á hafnaraðstæðum á báðum stöðum ef nota á aðstöðuna fyrir önnur skip en Baldur. Undirbúningur framkvæmda við hafnirnar er hafinn. Hins vegar ræðst endanleg hönnun óhjákvæmilega af stærð og umfangi þess skips sem kemur til með að verða notað, en ákvörðun þar að lútandi liggur ekki fyrir. Fjármögnun framkvæmdanna er sem stendur ekki frágengin en áform eru uppi um að setja þessa framkvæmd í forgang við endurskoðun samgönguáætlunar á þessu ári.

Fyrir hönd ráðherra

Ólafur Kr. Hjörleifsson



Vegagerðin  
B.t. Bergþóru Þrokelsdóttur, forstjóra  
Suðurhraun 3  
210 Garðabær

Stykkishólmi, 14. desember 2021  
nr. erindis 2011013

Á 405. fundi bæjarstjórnar Stykkishólmsbæjar 9. desember 2021 var tekið fyrir neðangreint erindi:

#### **Breiðafjarðarferjan Baldur**

Lögð fram ályktun bæjarstjórnar Stykkishólmsbæjar sem var samþykkt á 403. fundi bæjarstjórnar Stykkishólmsbæjar 28. október 2021 vegna Breiðafjarðarferjunnar Baldurs. Þá er lögð fram þarfagreining fyrir Breiðafjarðarferju sem Vegagerðin fól NAVIS ehf. að vinna að sem kynnt var á fundi var haldinn með fulltrúum sveitarfélaga við Breiðafjörð 26. október 2021. Einnig er lögð fram ályktun 66. Fjórðungsþing Vestfirðinga sem haldið var á Ísafirði 22. og 23. október 2021 um Breiðafjarðarferjuna Baldur.

Þar að auki eru lagðar fram ályktanir bæjarstjórnar Stykkishólmsbæjar, dags. 12. mars 2021, og bókun bæjarstjórnar Stykkishólmsbæjar, dags. 29. mars 2021, um sama efni, ásamt bókun 402. fundar bæjarstjórnarfundar 30. september 2021 þar sem m.a. var óskað eftir upplýsingum frá Vegagerðinni um stöðu á vinnu við fyrrgreinda þarfagreiningu.

Atvinnu- og nýsköpunarnefnd tók, á 9. fundi sínum, undir með ályktun bæjarstjórnar Stykkishólmsbæjar og óskaði eftir upplýsingum frá innviðaráðuneytinu og fjármála- og efnahagsráðuneytinu um hver sé staðan á fjármögnun á bráða- og framtíðarlausnum í samræmi við ályktun bæjarstjórnar og upplýsingum frá Vegagerðinni. Hver séu næstu skref varðandi breytingu á hafnarmannvirkjum og ferjubrúum og dýpkun hafna með það markmið að nýtt skip sem þjónar betur þörfum samfélaganna hefji siglingar yfir Breiðafjörðinn sem fyrst. Ný ferja er í samræmi við ákvæði sáttmála um ríkisstjórnarsamstarf Framsóknarflokks, Sjálfstæðisflokks og Vinstrihreyfingarinnar - græns framboðs um orkuskipti í ferjusamgöngum.

Bæjarráð staðfesti afgreiðslu atvinnu- og nýsköpunarnefndar á 634. fundi sínum.

#### **Afgreiðsla bæjarstjórnar:**

*Bæjarstjórn óskar eftir annars vegar upplýsingum frá innviðaráðuneytinu og fjármála- og efnahagsráðuneytinu um hver sé staðan á fjármögnun á bráða- og framtíðarlausnum í samræmi við ályktun bæjarstjórnar og upplýsingum frá Vegagerðinni, og hins vegar hver séu næstu skref varðandi breytingu á hafnarmannvirkjum og ferjubrúum og dýpkun hafna með það markmið að nýtt skip sem þjónar betur þörfum samfélaganna hefji siglingar yfir Breiðafjörðinn sem fyrst, í samræmi við bókun atvinnu- og nýsköpunarnefndar.*

**Þetta tilkynnist hér með.**

Virðingarfyllst,

---

Jakob Björgvin Jakobsson,  
bæjarstjóri.



Samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra  
Sigurður Ingi Jóhannsson  
Sölvhólsgötu 7  
101 Reykjavík

Stykkishólmi, 29. október 2021  
nr. erindis 2011013

Á 403. fundi bæjarstjórnar Stykkishólmsbæjar 28. október 2021 var tekið fyrir neðangreint erindi:

#### **Breiðafjarðarferjan Baldur**

Lagðar fram ályktanir bæjarstjórnar Stykkishólmsbæjar vegna Breiðafjarðarferjunnar Baldurs, dags. 12. mars 2021, og bókun bæjarstjórnar Stykkishólmsbæjar, dags. 29. mars 2021, um sama efni, ásamt bókun 402. fundar bæjarstjórnarfundar 30. september 2021 þar sem m.a. var óskað eftir upplýsingum frá Vegagerðinni um stöðu á vinnu við þarfagreiningu fyrir Breiðafjarðarferju sem Vegagerðin fól NAVIS ehf. að vinna að og hver séu næstu skref samgönguyfirvalda, en sá fundur var haldinn með fulltrúum sveitarfélaga við Breiðafjörð 26. október 2021. Þá er lögð fram ályktun 66. Fjórðungsþing Vestfirðinga sem haldið var á Ísafirði 22. og 23. október 2021 um Breiðafjarðarferjuna Baldur.

#### **Afgreiðsla bæjarstjórnar:**

*Bæjarstjórn Stykkishólmsbæjar hefur itrekað lagt áherslu á að þörfin fyrir nýja og stærri Breiðafjarðarferju er mikil og brýn og bent á að núverandi verkefni sé tvíþætt og ber að nálgast það í því ljósi, þ.e. annars vegar er þörf á lausn til skamms tíma (bráðalausn) og hins vegar framtíðarlausn.*

*Bæjarstjórn Stykkishólmsbæjar telur að bráðalausnin felist í að hefja nú þegar undirbúning á breytingu á hafnarmannvirkjum og ferjubrúum og dýpkun hafna með það markmið að nýtt skip sem þjónar betur þörfum samfélagsins hefji siglingar yfir Breiðafjörðinn sem fyrst. Framtíðarlausnin felst í að ríkið fjárfesti í nýrri og öflugri ferju sem gæti nýst í afleysingum fyrir Vestmannaeyjaferjuna Herjólf, byggða á hönnun núverandi Herjólf, sem uppfyllir allar nútíma öryggiskröfur, taki mið af stefnu stjórnvalda í umhverfismálum og mæti þörfum samfélagsins og að sú ferja hefji siglingar um Breiðafjörðinn eins fljótt og verða má, þó eigi síðar en 2024.*

*Bæjarstjórn Stykkishólmsbæjar leggur þunga áherslu á að tryggja þurfi nú þegar fjármögnun á bráða- og framtíðarlausnum þannig að Vegagerðin geti hafið vinnu við hönnun og breytingar á hafnarmannvirkjum Stykkishólmshafnar, Flateyjarhafnar og Brjánslækjarhafnar í samráði við hafna-, bæja- og sveitastjórnir sveitarfélaganna þannig að hægt sé að taka í notkun nýtt skip til bráðabirgða sem uppfyllir betur þarfir atvinnulífsins um flutningsgetu, kröfur almennings um aðbúnað og aðgengi farþega og bætir öryggi með tveimur vélum*





á meðan unnið verði að undirbúningi og smíði á nýrri B ferju, sem einnig gæti nýst í afleysingum fyrir Herjólf, líkt og kemur fram í niðurstöðum þarfagreiningar fyrir Breiðáffjarðarferju sem Vegagerðin fól NAVIS ehf. að vinna og var kynnt á dögnum.

Að öðru leyti vísar bæjarstjórn til fyrri ályktana og bókana vegna málsins.

**Þetta tilkynnist hér með.**

Virðingarfyllst,

  
Jakob Björgvin Jakobsson  
bæjarstjóri.



## Yfirlýsing sveitarfélaga vegna bilunar í Breiðafjarðaferjunni Baldri

18. mars 2021

Fulltrúar frá Vestfjarðastofu, Samtökum sveitarfélaga á Vesturlandi (SSV) og sveitarfélögum við Breiðafjörð hafa undanfarna daga átt fundi með samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra, Vegamálastjóra og þingmönnum Norðvesturkjördæmis um stöðuna sem upp er komin vegna bilunar sem varð í Breiðafjarðaferjunni Baldri í síðustu viku.

Eins og öllum er kunnugt varð bilun í aðalvél Baldurs sem varð til þess að ferjan varð vélarvana á miðjum Breiðafirði og tók rúman sólarhring að draga ferjuna í land í Stykkishólmi. Mikil mildi var að allt fór vel, en ekki mátti mikið út af bregða til þess að hlutir hefðu getað farið til verri vegar. Fram kom í máli samgönguráðherra að bilunin yrði skoðuð af rannsóknarnefnd samgönguslysa og telja fulltrúar sveitarfélaganna brýnt að það verði gert.

Ferjan Baldur gegnir afar mikilvægu hlutverki sem tenging á milli sunnanverðra Vestfjarða og Snæfellsness og er oftast en ekki eina greiðfæra leiðin fyrir íbúa á sunnanverðum Vestfjörðum yfir vetrartímamann þar sem vegur yfir Klettsháls lokast mjög oft og gegnir ferjan lykilhlutverki í að tryggja flutning fólks sem og vaxandi magns sjávarafurða og aðfanga. Þá gegnir ferjan mikilvægu hlutverki fyrir byggðina í Flatey og þá íbúa sem þar eiga fasta búsetu allt árið um kring og þá stólar Flatey á afhendingu vatns í eyjuna með Baldri. Það öryggisleysi sem íbúar og atvinnulíf á sunnanverðum Vestfjörðum búa nú við í samgöngum í kjölfar bilunar Baldurs er óásættanlegt.

Á fundunum lögðu fulltrúar sveitarfélaganna þunga áherslu á að endurreisa þarf öryggi og traust íbúa og atvinnulífs á ferjusiglingu á Breiðafirði. Þar sem langt er í land um úrbætur á vegsamgöngum skiptir verulegu máli fyrir mannlíf og atvinnulíf á Vestfjörðum og Vesturlandi að ferjusiglingar séu öruggur valkostur. Á fundunum var jafnframt ítrekað mikilvægi þess að unnin verði viðbragðsáætlun ef bilun eða slys verða, til að tryggja með öllum ráðum að atvik síðustu viku endurtaki sig ekki og öryggi farþega verði tryggt. Einnig að tryggðar verði viðunandi viðbrögð ef ferjuslys verður á friðuðum Breiðafirði til að lágmarka umhverfisáhrif. Einnig er mikilvægt að yfirfarinn verði gildandi samningur um rekstur Baldurs. Auk þess er forgangsmál að fá fram kostnað og niðurstöðu um mögulega notkun á Herjólfri 3 til reksturs á Breiðafirði til skemmri tíma.

Það er ljóst að framtíð ferjusiglinga er grundvallarþáttur fyrir Vestfirði og Vesturland. Því var mjög jákvætt að á þessum fundum hefur komið fram að stjórnvöld og þingmenn eru sammála þessu sjónarmiði og að bætt vegakerfi mun ekki þýða að rekstri ferju verði hætt. Þar vega hagsmunir byggðar, ekki síst í Flatey - og beggja vegna Breiðafjarðar þungt. Því er afar brýnt að nú þegar verði hafist handa við að endurskoða þarf og forsendur ferjusiglinga til framtíðar. Að okkar mati er eina lausnin til lengri tíma að ný og öflug ferja sem uppfylli allar nútíma öryggiskröfur hefji siglingar eins fljótt og verða má.

*Nánari upplýsingar veita*

*Sigríður Ólöf Kristjánsdóttir framkvæmdastjóri Vestfjarðastofu í síma*

*Páll S. Brynjarsson framkvæmdastjóri SSV í síma 855-1877*



Samgöngu- og sveitastjórnarráðuneytið  
b.t. Sigurðar Inga Jóhannssonar, samgöngu- og sveitastjórnarráðherra  
Sölvhólsstötu 7  
101 Reykjavík

Stykkishólmi, 31.03.2021

Á 397. fundi bæjarstjórnar Stykkishólmsbæjar 29. mars 2021, var tekið fyrir neðangreint erindi:

**Breiðafjarðarferjan Baldur**

Lögð fram ályktun Stykkishólmsbæjar vegna Breiðafjarðarferjunnar Baldurs, dags. 12. mars 2021, ásamt öðrum gögnum vegna bilunar Baldurs á dögnum.

**Bókun 625. fundar bæjarráðs Stykkishólmsbæjar**

*Stykkishólmur hefur ítrekað bent á að styrkja þurfi ferjusiglingar um Breiðafjörð með stærri og nýrri ferju til að anna aukinni þörf samfélagsins og jafnframt gert athugasemdir við að í ferjunni sé einungis ein aðalvél með því öryggi sem því fylgir. Bilun í Baldri nýverið er enn ein áminningin um óboðlega stöðu sem við sem samfélag viljum ekki búa við og íbúar svæðisins sætta sig ekki við. Við þessa stöðu verður ekki unað og krefst Stykkishólmur úrbóta strax.*

*Stykkishólmur gerir þá kröfu til samgönguyfirvalda, sem ábyrgð bera á öryggi samgangna, að málið verði tekið föstum tókum strax og öryggi þessarar þjóðleiðar um Breiðafjörð verði tryggt.*

*Bæjarráð samþykkti ályktun Stykkishólmsbæjar samhljóða og vísaði til bæjarstjórnar.*

**Ályktun 397. fundar bæjarstjórnar Stykkishólmsbæjar**

*Bæjarstjórn fagnar afdráttarlausri yfirlýsingu samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra um að unnið sé að framtíðarsýn til lengri tíma um ferjusiglingar yfir Breiðafjörð. Með yfirlýsingunni er tekinn af allur vafi um framtíð ferjusiglinga. Mikilvægi ferjunnar hefur aukist verulega á undanförunum árum ekki síst vegna aukins laxeldis, sem samkvæmt áætlunum mun aukast enn frekar, og aukinnar umferðar ferðamanna, en ferjuleið yfir Breiðafjörð, með viðkomu í Flatey, er ein af undirstöðum ferðaþjónustunum á svæðinu, þ.m.t. í Stykkishólmi. Með tilkomu nýrra Dýrafjarðargangna og endurgerðar á vegi yfir Dynjandisheiði mun þörfin fyrir öflugri og öruggri ferju aukast enn frekar og líklegt að aukning verði á umferð frá norðanverðum Vestfjörðum. Það liggur fyrir að með auknum þungaflutningum eykst álag á þjóðvegi landsins verulega og því hagkvæmt að þeir flutningar fari sem mest fram með sjóflutningum.*

*Bæjarstjórn Stykkishólmsbæjar leggur áherslu á að þörfin fyrir nýja og stærri Breiðafjarðarferju er mikil og brýn. Með núverandi skipi er á engan hátt gerlegt að mæta kröfum samfélagsins. Vandamálið er tvíþætt og ber að nálgast fyrirbyggjandi verkefni í því ljósi. Annars vegar er þörf á lausn til skamms tíma, þ.e. bráðalausn, og*



*hins vegar framtíðarlausn, þ.e. að endurskoða þarfir og forsendur ferjusiglinga til framtíðar.*

*Bráðalausnin felst í að hefja nú þegar undirbúning á breytingu á ferjubrúum með það markmið að gamli Herjólfur hefji siglingar yfir Breiðaffjörðinn á haustmánuðum, ásamt öðrum framkvæmdum sem ráðast þarf í svo sem dýpkun hafna. Að mati bæjarstjórnar uppfyllir núverandi ferja ekki viðeigandi öryggiskröfur. Ferjan hefur einungis eina vél en við Breiðaffjörð hafa allar ferjurnar sem hafa þjónustað svæðið frá 1955 haft tvær vélar utan núverandi ferju. Þá hafa ítrekaðar bilanir á því sérstaka svæði sem Breiðaffjörðurinn er með skerjum, boðum og eyjum sýnt svo ekki sé um villst að tvær vélar eru nauðsynlegar. Mesta mildi er að ekki hefur verr farið og nauðsynlegt er að rannsaka þau atvik sem átt hafa sér stað auk þess sem beðið er eftir staðfestingu samgönguyfirvalda hvort núverandi ferja uppfylli allar öryggiskröfur. Leggja verður áherslu á að endurreisa traust íbúa, áhafnar og aðila atvinnulífsins á ferjusiglingu á Breiðafirði sem er lítið eftir áður nefnd atvik. Ítrekuð er nauðsyn þess að strax verði unnin viðbragðsáætlun ef bilun eða slys verða, til að tryggja með öllum ráðum að atvik síðustu viku endurtaki sig ekki og öryggi farþega verði tryggt.*

*Bæjarstjórn Stykkishólmsbæjar ítrekar þá afstöðu sína að eina lausnin til lengri tíma er að ný og öflug ferja sem uppfyllir allar nútíma öryggiskröfur, taki mið af stefnu stjórnvalda í umhverfismálum og mæti þörfum atvinnulífs hefji siglingar eins fljótt og verða má. Nauðsynlegt er að stefnumótun til framtíðar þarf að hefjast nú þegar. Eðlilegt er að sveitarfélögin sem þjónusta ferjuna taki þátt í þeirri vinnu. Bæjarstjórn leggur jafnframt áherslu á að skoða þurfi öryggisviðmið ferjunnar með tilliti til þess umhverfis sem ferjan siglir í en ekki hvernig hafsvæðið sé formlega flokkað. Niðurstaða þessarar vinnu liggja fyrir áður en gengið er til útboðs á rekstri ferjunnar en núverandi samningur gildir til vors 2022.*

**Þetta tilkynnist hér með.**

Meðfylgjandi er jafnframt yfirlýsing fulltrúa sveitarfélaga á Vesturlandi og Vestfjörðum vegna málsins, dagsett 18. mars 2021.

Virðingarfyllst,

Jakob Björgvin Jakobsson  
bæjarstjóri.

